

## Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

### 13. fundur, 27. desember 2002

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs föstudaginn 27. desember í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 15.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Fjárhagsáætlun.
2. Önnur mál.

#### 1. Fjárhagsáætlun.

Stjórnarmenn höfðu milli funda kynnt sér gögn, sem fram voru lögð vegna fjárhagsáætlunar fyrir safnið ( sbr. 12. fg., 2.l.) og gerðu grein fyrir afstöðu sinni til þeirra. Upplýst var að dráttur hefði orðið meiri á endurskoðun fjárhagsáætlunar Kópavogskaupstaðar fyrir 2002 og gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2003 en fyrst var gert ráð fyrir. Héraðsskjalavörður hafði um morguninn verið á fundi með Birni Þorsteinssyni, sviðsstjóra Fræðslu- og menningarsviðs, og upplýsti stjórnarmenn um stöðu mála. Áfram var síðan unnið að undirbúningi fjárhagsáætlunar fyrir héraðsskjalasafnið, og verður lögð áhersla á að halda rekstri þess innan rétttra marka, en sérstök áhersla var lögð á þrennt í því sambandi:

- a. Að ráðinn verði starfsmaður í fullt starf hjá safninu í stað þess sem hættir um áramót (sbr. 12. fg., 4.l.a, og 2. l. þessarar fg.).
- b. Að safnið fái sem fyrst nauðsynleg tæki skv. nánari greinargerð héraðsskjalavarðar. Í því sambandi minnir stjórnin á að enn brestur á tölvutengingu (sbr. 12. fg., 3.l. b). Þá vantar einnig góðan hita- og rakamæli, geislaskrifara vegna varðveislu mynda, skjalaöskjur o.fl.
- c. Að framlag ríkisins, sem Þjóðskjalasafn úthlutar, verði hækkað a.m.k. til jafns við þann styrk sem Héraðsskjalasafnið á Akureyri nýtur (600 þús. kr.), enda Kópavogur annað fjölmennasta sveitarfélag landsins. Héraðsskjalaverði var falið að vinna að málinu, en jafnframt gerir stjórnin þá eindregnu kröfu til Kópavogsbæjar, að það fé verði látið ganga beint til safnsins og lagt inn á reikning þess, en ekki látið renna beint í bæjarsjóð, enda er styrkurinn héraðsskjalasafninu ætlaður, en öðrum ekki.

## 2. Önnur mál.

- a) Í tilefni af ósk stjórnar héraðsskjalasafns um ráðningu starfsmanns í fullt starf (sbr. 12. fg., 4.l. a) hafði borist bréf frá bæjarritara, dags. 10. des. sl., þar sem stjórninni var tilkynnt að á bæjarráðsfundi 5. s.m. hefði málinu verið vísað til umsagnar bæjarritara og framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs.
- b) Héraðsskjalaverði var í umboði stjórnar falið að ræða tölvutengingu (sbr. 11. fg., 4.l. og 12. fg., 3.l. b og þessa fg., 1. l. c) við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs.
- c) Gylfi Gröndal reifaði hugmynd sína um minjasafn í tengslum við starfsemi safnsins. Umræðum var frestað þar til síðar.
- d) Næsti fundur verður haldinn þegar líður á janúar.

Fleira gerðist ekki.  
Fundi slitið kl. 16.40.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal  
meðstjórnandi

Leo Ingason  
héraðsskjalavörður